



Alþýðusamband Íslands

Ályktun ársfundar ASÍ 2009 um hag heimilanna

Ársfundur ASÍ krefst þess að allra úrræða sé leitað til þess að verja stöðu heimilanna og lágmarka þann skaða sem þau hafa þegar orðið fyrir og sem þau verða óhjákvæmilega fyrir vegna efnahagshrunsins.

Fundurinn ítrekar þá eindregnu afstöðu að samfélag sem byggir á öfluggu og virku velferðarkerfi, góðri menntun fyrir alla, jöfnuði, jafnrétti og traustum réttindum launafólks að norrænni fyrirmynd er best til þess fallið að takast á við erfiðleika í efnahagslífinu. Öflug velferðarkerfi, menntakerfi og heilbrigðiskerfi eru aldrei mikilvægara en nú.

Ársfundur ASÍ telur að þrátt fyrir efnahagsþrengingar verði að einfalda og efla núverandi kerfi húsaleigu- og vaxtabóta, draga úr tekjutengingum, sameina þau og hækka bætur til þess að koma til móts við aukinn vaxta- og húsnæðiskostnað. Jafnframt verði barnabótakerfið varið og eftt. Ársfundurinn mótmælir þess vegna harðlega fyrirætlun stjórnvalda um rúmlega 3 milljarða niðurskurð þessara bóta sem kemur verst við ungt fólk og barnafjölskyldur sem fjárfestu í húsnæði á þeim tíma þegar íbúðarverð var langt yfir raunvirði og þann hóp sem stóð höllum fæti fyrir hrun.

Ársfundurinn hvetur stjórnvöld til þess að læra af reynslu nágrannapjóðanna sem gengið hafa í gegnum sambærilega erfiðleika og gæta þess að félagslegar afleiðingar kreppunnar leggist ekki með óhóflegum þunga á börn og unglinga. Ársfundurinn leggur því áherslu á að nú þegar verði öllum grunnskólanemendum óháð efnahag foreldra, tryggðar skólamáltíðir og aðgangur að íþróttatómstunda- og menningarstarfi og jafnrétti til náms tryggt án tillits til efnahags eða búsetu.

Ársfundur ASÍ skorar á stjórnvöld að efna fyrirheit sín um hækkun persónuafsláttar og setja skorður við hækkun skatta og verja þannig tekjulægstu hópana sem tekið hafa á sig auknar skattbyrðar meðan skattar hafa lækkað á fyrirtækjum og hinum tekjuhærri á undanförunum árum.

Ársfundur ASÍ leggur áherslu á að atvinnuleitendum verði haldið sem virkum þegnum samfélagsins og krefst þess að skráning atvinnuleitenda og umsýsla atvinnuleysisbóta verði nú þegar færð til stéttarfélaganna.

Ársfundur ASÍ leggur mikla áherslu á að heimilunum verði gert að kleift að standa við skuldbindingar sínar og viðhalda mannsæmandi lífsgæðum. ASÍ hefur lagt til almenn úrræði eins og sjálfvirka greiðslujöfnun sem taki til verð- og gengistryggðra lána, þ.m.t. bílalána. Einnig hefur ASÍ lagt til róttæka og skjótvirka greiðsluaðlögun þannig að launafólk geti skapað sér nýja stöðu til framtíðar. Ársfundurinn skorar á stjórnvöld að taka nú þegar til endurskoðunar gildandi löggjöf um greiðsluaðlögun og tryggja þeim heimilum sem komin eru í veruleg fjárhagsleg vandræði, einfalt og samræmt úrræði sem taki á öllum skuldum heimilanna. Það verði gert með skuldbreytingum og afskriftum sem samræmist greiðslugetu og eignastöðu heimilanna.

Gæta þarf þess sérstaklega að þær ráðstafanir sem gripið er til festi ekki heimilin í skuldafjötrum því þær hafa gríðarlega alvarlegar afleiðingar til framtíðar. Þær ráðstafanir sem boðaðar hafa verið taka aðeins á hluta vandans og eru fyrsta skref af mörgum sem taka þarf. Styrkja verður stöðu þeirra sem lenda í vanskilum, takmarka kostnað vegna vanskilainnheimtu og breyta lögum um gjaldþrot og nauðungaruppböð þannig að fjölskyldur fari ekki á vergang eða sitji uppi árum saman með skuldir úr gjaldþrotum.